

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðabyggðar við Baughól, Garðarsbraut, Hjarðarhól og Stórhól, Húsavíkurkaupstað.

Húsavíkurbær hefur samþykkt deiliskipulag af íbúðarhúsabyggð við Baughól, Garðarsbraut, Hjarðarhól og Stórhól. Tillagan og uppdráttur voru til kynningar á bæjarskrifstofu Húsavíkur frá og með 2. febrúar til 2. mars 2001. Frestur til að bera fram athugasemdir var til 19. mars 2001. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Húsavík, 24. október 2001.

Gaukur Hjartarson, byggingarfulltrúi Þingeyinga.

15. október 2001

Nr. 840

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 401/2001, um númeraflutning.

1. gr.

15. gr. reglnanna verður svohljóðandi:

Númeraflutningur skv. 3. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. september 2000. Númeraflutningur skv. 4. og 6. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 15. febrúar 2001. Númeraflutningur skv. 5. gr. skal koma til framkvæmda eigi síðar en 1. júlí 2003.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 33. gr laga nr. 107/1999 um fjarskipti og 3. gr. laga nr. 110/1999 um Póst- og fjarskiptastofnun, og öðlast þegar gildi.

Póst- og fjarskiptastofnun, 15. október 2001.

Gústav Arnar.

Friðrik Pétursson.

19. október 2001

Nr. 841

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi.

1. gr.

Skolp frá húsum í dreifbýli í Borgarfjarðarhreppi skal leiða í gegnum rotþró. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar Austurlands.